



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2016

FÉLA2KR05

Kenningar og rannsóknir

| | | | |
|-----------------|--------------------------|---------------|-----------|
| Kennari: | Helgi Hermannsson | Sk.st. | HH |
|-----------------|--------------------------|---------------|-----------|

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um frumkvöðla félagsfræðinnar og kynntar helstu kenningar og rannsóknaraðferðir greinarinnar. Tengsl einstaklinga og samfélags eru skoðuð og greind í ljósi ólíkra kenninga. Í áfanganum er farið yfir vítt svið félagsfræðinnar og nemendur fá þjálfun í að beita félagsfræðilegu innsæi við túlkun á samfélaginu. Viðfangsefni líkt og frávik, félagsleg lagskipting, kynhlutverk og áhrif fjölmiðla er einnig meðal efnispáttá. Kynntar verða eigindlegar og meginlegar rannsóknir og nemendur fá þjálfun í að beita rannsóknaraðferðum og fylgja vísindalegu rannsóknarferli auk þjálfunar í að túlka gögn og niðurstöður annarra rannsókna.

Undanfari: FÉLA2BY05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Helstu frumkvöðlum félagsfræðinnar og framlagi þeirra til greinarinnar,
- kenningarsjónarhornum félagsfræðinnar; samskipta-, samvirkni- og áttakeningum,
- meginlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum,
- helstu grundvallarhugtökum félagsfræðinnar.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Tengja saman rannsóknarniðurstöður og kenningar,
- greina á milli ólíkra kenninga og beita þeim á mismunandi viðfangsefni samfélagsins,
- beita félagsfræðilegum hugtökum í fræðilegri og samfélagslegri umfjöllun,
- beita rannsóknaraðferðum á mismunandi viðfangsefni,
- geta sett fram þekkingu sína í ræðu og riti.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sjá félagsleg málefni út frá mismunandi kenningarlegum sjónarhornum,
- sjá og fjalla um samfélagið á gagnrýninn hátt,
- geta lagt mat á rannsóknir í félagsvísindum,
- geta metið eigið vinnuframlag og annarra,
- öðlast skilning á eigin stöðu og hlutverki í samfélagi,
- taka fræðilega afstöðu til samfélagslegra álitamála.

Námsefni:

Efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dæmi:

| Vika | Dagsetning | Námsefni - viðfangsefni | Próf og verkefni | Vægi |
|-------|----------------------|--|------------------------------|------|
| 1-2 | 18. – 26. ág | Kynning á áfanganum – skipulag. Word æfing | Verkefni 1-2 | 8% |
| 3-4 | 29. ág. – 9. sept | Hamingja í félagslegu samhengi. | Verkefni 3. | 12% |
| 5-7 | 12.sept – 30. sept | Kenningar í félagsfræði. | Vinnustofur og verkefni 4-6. | 20% |
| 8 | 03 – 07. okt | Upprifjun á efni. | Gagnapróf. | 15% |
| 9-10 | 10. – 21. okt | Frávik og menning. | Verkefni 7. | 8% |
| 11-12 | 24. – 31. okt | Trúarbrögð og samfélag. | Verkefni 8. | 6% |
| 12-14 | 1. – 8. nóv | Lagskipting. | Verkefni 9. | 8% |
| 14-15 | 9. – 16. nóv | Fjölmiðlar og kynhlutverk. | Vinnustofa og verkefni 10 | 8% |
| 16-18 | 17.nóv – 9. des. maí | Samantekt og úrvinnsla. Hóppróf. | Hóppróf og Samantekt. | 15% |

Sérreglur áfangans:

Nauðsynlegt er að taka bæði gagnapróf og hóppróf. Gerð er krafa um 90% skilaskyldu verkefna. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum.. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, eingöngu til náms, í samráði við kennara. Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mín samsvarar fjarvist nema kennari taki annað fram.

Fyrirkomulag námsmats:

| Námspáttur | Lýsing á námsmati | Vægi |
|-------------------------|-------------------------------|------|
| Vinnustofur og verkefni | 8-9 einstaklings/hópverkefni. | 70% |
| Próf | Gagnapróf og hóppróf. | 25% |
| Samantekt | Samantekt í lok annar. | 5% |

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Helgi Hermannsson – hhm@fsu.is